

Heimsókn frá Færeyingum

frá Leirvík til Dalvíkur, Ólafsfjardar og Siglufjardar

Færeyingakvöld verða á þessum stöðum:

Í Bergi á Dalvík miðvikud. 28. maí kl. 20



Í Allanum á Siglufirði fimmtud. 29. maí kl. 20



Í Tjarnarborg á Ólafsfirði föstud. 30. maí kl. 20



Verið velkomin á Færeyingakvöld!

Þorpið Leirvík

Leirvík er með elstu þorpum í Færeyjum og má rekja sögu þess allt til víkingatímans. Fornleifauppgröftur á Toftanesi í Leirvík hefur staðfest mannvistarleifar frá árinu 800 og fólk hefur því búið þarna í um 1.200 ár.

Þorpið hefur lengi verið í hópi þekktustu útgerðarstaða í Færeyjum og sækja margir bátar sjóinn frá staðnum. Mörg fiskvinnslufyrirtæki eru á staðnum; Tavan, sem var kosið fiskvinnslufyrirtæki ársins 2010, Faroe Marine Products eða Hövdavirkið, Knettivirki og FoFish. Þegar mest er umleikis vinna um 140–160 manns á þessum stöðum.

Leirvík var lengi vel tengiliður milli Norðureyjanna og hinna eyjanna því ferja sigldi milli Leirvíkur og Klaksvíkur. Árið 2006 voru neðansjávangöng tekin í notkun milli Leirvíkur og Klaksvíkur og þar með komst á fast vegasamband milli Austureyjar og Borðeyjar.

Þann 1. janúar 2009 sameinaðist sveitarfélagið Leirvík sveitarfélaginu Götu og fékk hið nýstofnaða sveitarfélag nafnið Eysturkommuna. Um 870 manns búa í Leirvík.

Samband Íslands og Færeyja og Leirvíkur í stuttu máli

Færeyingar byrjuðu snemma að leita til Íslands í atvinnuleit. Þegar á seinni hluta 18. aldar hófu Færeyingar að veiða við Ísland. Ekki er hægt að segja annað en að við höfum haft mjög gott samband við bræðraþjóðina fyrir vestan.

Tengiliður Ísland: Árni Hilmarsson · sími 8602262 · arnistef2@gmail.com

Tengiliður Færeyjar: Jógvan Páll Sevdal · jpsevdal@gmail.com
+298 443224 · +298 221298 · á Sýnini 1 · FO-520 Leirvík · Færeyjar

„Til lands“ á Íslandi

Leirvíkingurinn Ole Hansen skrifaði þann 23. janúar 1886 í dagblaðið Dimmalætting að hann hafi verið með fyrstu Færeyingunum sem réru frá Íslandi. Hann var á Seyðisfirði árið 1877 og árið 1879 voru einnig fleiri Leirvíkingar á Íslandi.

Þegar árið 1870 reru Færeyingar út frá Íslandi, aðallega frá Austurlandi.

Árið 1885 voru u.þ.b. 600 manns frá Færeyjum á 150 bátum í útróðri frá sex fjörðum á Austurlandi. Árið 1890 voru u.þ.b. 1.000 Færeyingar í útróðrum við Ísland.

Leirvíkingar

Leirvíkingar reru aðallega út frá Vattarnesi og ýmsum fjörðum á Austurlandi. Um 40–50 manns unnu við þetta og margir réru út frá Íslandi í 30–40 ár. Leirvíkingar voru í hópi síðustu Færeyinganna sem réru út frá Íslandi. Útróðurinn hvarf svo að segja alveg þegar seinni heimsstyrjöldin skall á. Eftir stríðið, þegar Ísland hafði hlotið sjálfstæði, var Færeyingum bannað að róa út frá Íslandi. Nokkrir Færeyingar stunduðu þó útróður við Ísland alveg fram til ársins 1949.

Eftir síðari heimsstyrjöldina

Eftir stríðið keyptu Færeyingar gamla togara frá Englandi og Íslandi, þeir gengu fyrir kolum, en rekstur þeirra gekk ekki vel og urðu flestir gjaldþrota. Þá var slæmt ástand í Færeyjum. Í byrjun fimmta áratugarins keyptu Íslendingar ný fiskiskip og vantaði menn til starfa. Talið er að um 1.500 Færeyingar hafi unnið í íslenskri fiskvinnslu, bæði á sjó og í landi.

Þannig hefur samstarfið milli þessara tveggja bræðraþjóða alltaf verið til fyrirmyndar, báðar hafa veitt hinni hjálp, þegar þörf hefur verið á því, bæði fyrr og nú.

Leirvík, Ólafsfjörður og Siglufjörður

Leirvíkingar hafa ekki bara sérstök tengsl við útróðurinn frá Austurlandi, heldur er sambandið við Ólafsfjörð og Siglufjörð einnig sérstakt. Seinni heimsstyrjöldin var í hámarki í norðurhöfum og allar aðstæður voru mjög erfiðar á hafinu kringum Ísland og Færeyjar vegna þýsku flugvélna, herskipa og kaþbáta.

Seglskipin „Kristianna“ og „Sjóborg“ frá Leirvík

Árið 1941 lagði seglskipið „Kristianna“ og skonnortan „Sjóborg“ af stað frá Færeyjum til Íslands til að kaupa ferskan fisk til að selja í Englandi. Kristianna var fulllestuð og sigldi síðan frá Siglufirði þann 9. ágúst.

Ekkert spurðist til skipsins eftir það. Veður var nokkuð gott þegar skipið lagði úr höfn og því má gera ráð fyrir að því hafi verið sökkt. Með skipinu fórust sjö manns.

Útgerðarmaðurinn, Jóannes Johannesen, fór til Þórshafnar til að kveðja áhöfnina. Ættingjarnir vissu ekkert um að hann ætlaði að fara með og þess vegna er talið að hann hafi ákveðið það skyndilega. Sonur útgerðarmannsins, Christian J.F. Johannesen, var líka með. Þannig fórust bæði útgerðarmaðurinn og sonur hans ásamt hinum fimm áhafnar meðlimunum. Nokkrir afkomendur hans búa í Leirvík.

Skonnortan Sjóborg frá Leirvík keypti ferskan fisk á Ólafsfirði og Siglufirði. Skipið var á leið til Englands þann 13. ágúst þegar hún sigldi á tundurdufl eða varð fyrir tundurskeyti og sökk um 64 sjómílur frá Færeyjum. Þrír menn fórust en fimm komust af og björguðust með því að róa í 29 klst. til Færeyja og voru þeir illa á sig komnir þegar þangað kom.

„Guliklettur“ frá Leirvík

Þann 6. sept. 1992 fórst síðasti færeyski báturinn við Ísland, það var Guliklettur, 50 tonna bátur frá Leirvík. Einn maður fórst. Þeir voru að veiðum við suðausturland og voru á leið inn til Hornafjarðar vegna veðurs.



Kristianna



Sjóborg



Guliklettur



Guliklettur strandaði og gjöreyðilagaðist

Þeir sigldu til hafnar ásamt Glyvrabergi frá Hvalba. Glyvraberg var áður gerður út frá Leirvík. Glyvraberg sigldi á undan Gula-kletti og náði inn til hafnar, en Guliklettur fórst í innsiglingunni.

Fiskiskip og menn, sem fórust við Ísland

Færeyingar fengu oft að kynna veðurhamnum við Ísland. Það er vert að hafa í huga að fram að seinni heimsstyrjöldinni voru flest færeysku skipin það sem heitir á færeysku „deyðsiglari“, þ.e.a.s. vélarlaus skip. Nokkur skip höfðu vélar, en þær voru svo litlar að þær dugðu mjög lítið í slæmum veðrum. Færeysku skipin, sem sigldu milli Íslands og Englands á stríðsárunum, urðu einnig fyrir barðinu á stríðinu.

Á árunum 1882–1992 fórust 35 skip og bátar með meira en 350 manns við strendur Íslands. Af þeim fórust 80–100 manns vegna seinni heimsstyrjaldarinnar. Það má því segja að þessi atvinna hafi verið dýrkeypt. Þeir sem fórust létu eftir sig um 150–200 ekkjur og mörg hundruð börn, sem höfðu misst bæði föður og fyrirvinnu. Þetta var mikið áfall fyrir svo lítið samfélag.

Gudhrætt fólk

Það er sagt um Færeyingana, sem reru út frá Íslandi, að þeir hafi alltaf haldið sunnudaginn heilagan. Þá var lesið og sungið. Annars hvíldu mennirnir sig eða gerðu að veiðarfærunum og bátunum á sunnudögum, ef það var nauðsynlegt.

Um Leirvíkingana, sem sigldu út frá Vattarnesi, er sagt að þeir hafi sungið þegar þeir létu úr höfn og einnig þegar þeir komu að landi, „Nu flyr jeg til din nåde“, „Lyksalig, lyksalig hver sjæl, som har fred. Dog ingen kender dagen før solen går ned ...“

Á árunum 1920–40 voru kristilegar samkomur haldnar um borð í flestum fiskiskipunum á sunnudögum. Trúin á Guð var mikilvægur hluti af daglegu lífi fólksins, bæði á sjó og á landi. Í öllum þessum átakanlegu atburðum var það trúin á Guð, sem gaf ekkjum, börnum og fólkinu styrk til að halda áfram í daglega lífinu.

Boðskapurinn

Trúin á Guð er okkur enn mjög mikilvæg, einnig í okkar mjög svo tæknivædda nútímasamfélagi. Það er staðreynd, að þeir sem hafa sett traust sitt á Drottin Jesúm Krist fá styrk til að mæta alls kyns erfiðleikum, því þótt lífið geti reynst mjög erfitt þá hefur sálin traust akkeri í trúnni og andlega lífið er grundvallað á allt öðru en jarðneska lífinu. Það er traustið á þessu fyrirheiti Guðs: „Ég mun alls ekki sleppa þér og alls ekki yfirgefa þig“. Þetta fyrirheit gaf styrk og hugrekki á erfiðum stundum.

Jesús kom í þennan heim til að frelsa okkur frá syndum okkar. Guð elskar okkur og sendi son sinn til að deyja á krossi á Golgata í okkar stað. Jesús var staðgengill okkar. Hann tók alla refsinguna, sem við áttum skilið, á sjálfan sig. Biblían segir: „Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir, glattist ekki, heldur hafi eilíft líf.“

Trúin á Jesú og fyrirheit hans er það sem hefur borið uppi sjómenn okkar, konur, börn og ástvini í daglega lífinu.

Heimildir:

„Til lands“ eftir Sámal Johannesen

„Leirvíkar bygdarsöga“ eftir Martin Fjallstein

„Havið tók teir“ eftir Óla Jacobsen

„Vikingasynir“ eftir J. Joensen

„Stríðsárini 3“ eftir Niels Juel Arge



Sumarbúðadævl við Ástjörn 2014

Drengir og stúlkur 6-12 ára

Allir flokkar er blandaðir, um 30–70 í hverjum flokki.

1. flokkur	18.–28. júní	10 dagar	55.900 kr.
2. flokkur	01.–09. júlí	8 dagar	45.900 kr.
3. flokkur	12.–20. júlí	8 dagar	45.900 kr.
4. flokkur	23.–31. júlí	8 dagar	45.900 kr.

Unglingavika fyrir pilla og stúlkur 13-15 ára

5. flokkur	5.–12. ágúst	7 dagar	37.900 kr.
------------	--------------	---------	------------

Skráning og upplýsingar á www.astjorn.is eða á skrifstofu Ástjarnar í síma 462 3980

